



Alþýðusamband Norðurlands

Hvað á að gera við tekjur sambandsins vegna Illugastaða?

Samantekt: Karl Eskil Pálsson, ágúst 2021

Alþýðusamband Norðurlands – sem vinnur að alhlíða hagsmunum aðildarfélaga og félagsmanna þeirra – leigði Rekstrarfélagi Orlofsbyggðarinnar Illugastöðum í Fnjóskadal land þarinnar, samkvæmt sammningi sem undirritaður var 30. desember 1980.

Árið 2017 voru svo gerðir lóðaleigusamningar vegna breytinga á deiliskipulagi lóða og nýs skipulags lóða. Breytingarnar fólust í að lóðir eru skilgreindar undir orlofshúsin á staðnum, einnig voru gerðir sambærilegir samningar vegna íbúðar- og þjónustuhúss og svo vélageymslu.

Leigutakinn rekur orlofsbyggð á jörðinni, húsin eru rétt um þrjátíu í dag, öll vel búin. Á Illugastöðum er meðal annars sundlaug, vélageymsla og þjónustumiðstöð, sem Rekstrarfélag Orlofsbyggðarinnar keypti af AN í janúar 1981.

Nú er uppi sú staða að AN hefur nýverið haft tölverðar tekjur af landinu og í kjölfarið hafa skapast umræður um hvernig skuli fara með þá fjármuni. Þess vegna var undirrituðum falið að skrifa skýrslu um stöðu mála og varpa ljósi á hugsanlega niðurstöðu.

Renni til tækjakaupa

Stjórn AN skrifaði aðildarfélögum bréf í lok apríl á þessu ári, þar sem kemur fram að stjórn sambandsins hafi samþykkt tilboð Landsnets um bætur handa jarðareiganda Illugastaða vegna línulagnar í gegnum landið, kr. 8,2 milljónir.

Síðar tilkynnti Landsnet hækkan bóta, þær verði samtals 10,4 milljónir, sem Landsnet hefur þegar greitt til AN.

Þetta eru verulegir fjármunir, þegar lítið er á veltu og umfang AN. Því er ósköp eðlilegt að umræður skapist um ráðstofun fjárins.

Eftir því sem undirritaður kemst næst eru aðrar tekjur líklegar, svo sem vegna malaráms, vegagerðar og skógræktar. Ekki er ljóst hversu miklar tekjur, en ekki er fjarri lagi að áætla þær á bilinu 2-5 milljónir króna. Stjórnin lagði til í bréfinu að þessir fjármunir, 10,4 milljónir króna, renni til Orlofsbyggðarinnar að Illugastöðum, til tækjakaupa.

Samkvæmt skriflegum svörum frá nokkrum aðildarfélögum í kjölfarið, er dregið í efa að stjórnin hafi heimild til að leggja þetta til, formleg ákvörðun sé í höndum þings AN í svo stóru máli.

Reyndar gekk svo langt að eitt félag lýsti yfir fullkomnu vantrausti á stjórn AN vegna þessa máls. Sú afstaða stendur í raun og veru enn óhögguð.

300 þúsund krónur = 5,6 milljónir

Sigurður Ó. Björnsson prentsmiðjustjóri á Akureyri seldi AN Illugastaði, samningur var undirritaður 29. september 1966. AN greiddi kr. 300.000 yfir jörðina.

Hagdeild ASÍ segir að núvirði samningsins sé um 5,6 milljónir króna. Miðað við þær upphæðir sem AN fékk greiddar fyrr á árinu, er augljóst að kaupverðið var mjög líklega hagstætt yfir AN.

Hvað á að gera við peningana ?

Í samtölu undirritaðs kom greinilega fram vilji til öflugrar starfsemi á Illugastöðum, þó með nokkuð mismunandi hætti. Mikilvægt væri að ræða málin opinskátt og komast að skynsamlegri niðurstöðu, varðandi nýja og breytta slöðu í fjármálum sambandsins.

- Nauðsynleg tækjakaup voru nefnd í þessum samtölum, - rétt eins og stjórn AN lagði til á sínum tíma.
- Mikilvægi þess að efla innra starf AN, með auknum fjármunum gefist gullið tækifæri til sliks.
- Þessir fjármunirnir renni til félaganna.
- Ekki eiga öll aðildarfélög AN orlofshús á Illugastöðum, huga þurfi að réttindum þeirra.
- Félög sem ekki eru aðilar að AN eiga orlofshús á staðnum. Huga þurfi að stöðu þeirra.
- Athugandi væri að selja Rekstrarfélagi Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum jörðina á hagstæðu verði, slíkt geti einfaldað rekstur beggja aðila og komið í veg fyrir óþarfa árekstra í framtíðinni.
- Ekki komi til greina að AN selji jörðina, það jafngildi því að leggja niður sambandið.
- Styrkja Illugastaði yfir námskeiðahald og fundi á vegum verkalýðshreyfingarinnar, t.d. með endurnýjun ýmissa muna í þjónustuhúsi.
- Taka þurfi tillit til þess að seljandi lóðarinnar hafi selt hana gegn vægu verði, væntanlega með það í huga að á jörðinni verði orlofsbyggð á vegum stéttarfélaga og þar með launafólks.
- Þótt fjármunir hafi fengist, geti sú staða líka komið upp í framtíðinni að reikningur berist, sambandið standi frammi yfir fjárlátum, en ekki tekjum eins og nú er raunin.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að á þingi AN í haust verður ítarlega rætt um framtíð sambandsins og starfsemi, þar sem stuðst verður við „þjóðfundarfyrirkomulag.“ Þar verður kastljósinu m.a. beint að innra starfi sambandsins, væntanlega einnig framtíð Illugastaða. Þessi umræða er afskaplega þörf og mikilvæg.

Í ljósi þess hversu mikla fjármuni er um að ræða, er hér lagt til að þing AN taki formlega afslöðu varðandi ráðstöfun umræddra tekna, svo og væntanlegra tekna vegna nokturnar á landi sambandsins.

Landnytjar og landnotkun

Í 1. grein leigusamningsins frá 30. desember 1980 segir: „Leigusali leigir leigutaka land jarðarinnar Illugastaða í Fnjóskadal til reksturs orlofsbyggðarinnar. Innifaldar í leigunni eru allar landnytjar að undanskildum veiðiréttindum í Fnjóska.“

Þetta ákvæði hafa sumir túlkað á þann veg að leigutakinn skuli fá umrædda fjármuni, rétt er að ítreka að fjármunirnir sem um ræðir eru í dag í vörslu sambandsins.

Í íslenskri orðabók Almenna bókafélagsins segir að landnytjar séu „náttúruauðæfi, landkostir, hlunnindi lands, gæði jarðar, e-ð sem nyjað verður.“

Tæplega er hægt að halda því fram að Landsnet sé að yrkja jörðina með lagningu jarðstrengs, heldur nota. Fjármunirnir eigi því að renna til AN.

Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á þá lóðarleigusamninga sem gerðir voru 2017 vegna breytinga á deiliskipulagi. Þar er sérstaklega tekið fram að undanskilin leigu eru „vatnsorka og hitaréttindi hvers konar, málmar, sand- og malar nám og öll verðmæti í jörðu.“

Þrátt fyrir að gerðar hafi verið breytingar á leigusamningum vegna deiliskipulags, hlýtur að vera skynsamlegt að taka upp rúlega 40 ára gamlan leigusamning og athuga hvort tilefni sé til einhværra breytinga. Sömuleiðis skal bent á að fjölmörg orlofssvæði eru starfsrækt hér á landi á vegum stéttarfélaga, sem auðvelt ætti að vera að bera saman við varðandi rekstur og afnot.

Tillaga um næstu skref

Í ljósi þess að viðmælendur eru sammála um að mikilvægt sé að fara sem skynsamlegast með þá fjármuni sem fást fyrir afnot að jörðinni á Illugastöðum, leggur undirritaður til að neðangreind tillaga verði lögð fyrir þing AN í haust. Gert er ráð fyrir að formenn félaga leggi fram tillöguna, sem þess óska.

„Undirritaðir formenn leggja til að þing Alþýðusambands Norðurlands skipi fimm manna nefnd sem leggi fram tillögu um ráðstöfun þeirra fjármuna sem sambandið hefur fengið vegna jarðarinnar Illugastaða, svo og vegna væntanlegra tekna.

Nefndin taki þegar til starfa og leggi fram tillögur á þinginu.

Ennfremur samþykkir þingið að nefndin fari yfir leigusamninginn milli AN og Rekstrarfélags Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum, sem er kominn

til ára sinna. Endurskoðaður samningur liggi fyrir eigi síðar í lok apríl 2022 og verði lagður fyrir fund fulltrúaráðs Alþýðusambands Norðurlands.“

Lokaorð

Ofangreint tillaga getur auðvitað tekið breytingum, megin málið er engu að síður að þingið kjósi nefnd til þess að fara yfir öll þessi mál og vinni hratt, enda staða mála formönnunum vel kunn. Nefndin höggvi sem sagt á hnútinn.

Með tillögu í þessum anda, tel ég komið til móts við þau sjónarmið sem fram komu í samtölum undirritaðs við gerð þessarar samantektar, bæði hvað varðar meðferð þeirra fjármuna sem sambandið hefur fengið, einnig hvort ástæða sé til að gera breytingar á samstarfi Rekstrarfélags Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum og Alþýðusambands Norðurlands.

Undirritaður er ekki í vafa um að ríkur vilji sé til staðar um farsæla lausn, enda Alþýðusamband Norðurlands mikilvægur samráðsvettvangur stéttarfélaganna.

Rætt var við eftirtaldra aðila í tengslum við gerð skýrslunnar:

- Anna Júlíusdóttir Einingu – Iðju
- Aðalsteinn Baldursson, form Framsýnar
- Björn Snæbjörnsson, Einingu – Iðju
- Eiður Stefánsson, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akuryeri og nágrenni
- Þórarinn Sverrisson, Aldan
- Trausti Jörundarson, Sjómannafélag Eyjafjarðar
- Hákon Hákonarson, fyrrv. form. Alþýðusambands Norðurlands
- Róbært Farestveit, ASI

Þá var aðflað ýmissa gagna í tengslum við gerð skýrslunnar.



Framtíð Alþýðusambands Norðurlands

Mótum framtíðina og náum settum markmiðum

Samantekt: Karl Eskil Pálsson, ágúst 2021

Íslensk verkalýðshreyfing stendur á ýmsan hátt á krossgötum. Samfélagið hefur tekið stórstígum breytingum og leiða má líkum að því að þær verði jafnvel enn örari á komandi árum. Hvernig eiga stéttarfélögin að bregðast við?

Sveitarfélög sameinast, fyrirtæki starfa þvert á félagssvæði stéttarfélaga og fjórða iðnbyltingin gerir það að verkum að vinnumarkaðurinn verður allt annar en hann er í dag, hvað þá í gær. Sífellt færist í vöxt að störf séu unnin „án staðsetningar.“

Í öllum þessum breytingum gegnir verkalýðshreyfingin lykilhlutverki og hefur náð góðum árangri á mörgum sviðum á undanförnum árum og áratugum. Engu að síður verður að líta til framtíðar og mæta nýjum áskorunum.

Aukin starfsemi og um leið flóknari

Starfsemi stéttarfélaga má skipta í innra starf og síðan þjónustu við félagsmenn. Þjónustuþátturinn hefur vaxið mikið á undanförnum árum, hlutverkið er ekki einungis að semja um kaup og kjör, heldur einnig að sinna margvíslegu hlutverki er tengist t.d. orlofsálum, veikindum og slysum, menntamálum, öryggis- og vinnuvernd, þjónustu við erlenda starfsmenn og fleiri þáttum.

Pessar breytingar hafa m.a. kallað á endurskipulagningu starfseminnar, t.d. með sameiningu stéttarfélaga/samvinnu. Starfsemin er með öðrum orðum mun viðameiri og flóknari, sem kallar á sérhæft starfsfólk. Mörg minni stéttarfélög hafa farið þá leið að útvista verkefnum eða kaupa nauðsynlega þjónustu.

Árangur í starfi

Til að ná árangri verður verkalýðshreyfingin að vera vel skilulögð og með skýr langtíma markmið, þar sem leiðarljósið er hagur og velferð launafólks.

Árangur í starfi er öflug starfsemi, trúverðugleiki í málflutningi og síðast en ekki síst samtakamátturinn til þess að ná settum markmiðum.

Samstarfsvetvanger

Ellefu félög mynda Alþýðusamband Norðurlands. Hlutverk sambandsins, samkvæmt lögum, er að vinna að alhliða hagsmunum aðildarfélaga og félagsmanna þeirra. Æðsta vald í málefnum sambandsins er í höndum þings Alþýðusambands Norðurlands, þingin eru haldin annað hvert ár.

Á þessum fundum kynnist fólk nánar og myndar mikilvæg tengsl.

Í ár er einmitt haldið þing, þar sem kastljósinu verður meðal annrs beint að framtíðinni og starfsemi félaganna er mynda Alþýðusamband Norðurlands.

Afar brýnt er að þessar umræður verði opinskáar og ólíkar skoðanir verði virtar. Innra starf stéttarfélaganna ræður miklu um árangur af starfi þeirra í framtíðinni.

Í dag eru rúmlega 17 þúsund félagsmenn í aðildarfélögum Alþýðusambands Norðurlands. (Sjá sundurliðun í töflu 1).

Framtíðin rædd með

„þjóðfundarfyrirkomulagi“

Eins og sjá má eru félögin mis stór, sem þýðir væntanlega að starfsemin er sömweiðis á morgan hátt ólík. Sömuleiðis er fjárhagurinn mismunandi eftir félögum, svo dæmi sé tekið.

Á þingi Alþýðusambands Norðurlands 2021 verður rætt sérstaklega um framtíðina, eins og fyrr segir, þar sem stuðst verður við „þjóðfundarfyrirkomulag.“

Væntanlega verur unnið í málstofum sem tryggir virka þátttöku sem flestra fulltrúa á þinginu til að taka þátt í umræðum um uppbyggingu AN til framtíðar.

Stjórn Alþýðusambands Norðurlands þarf að undirbúa þennan dagskrárið vel og vandlega, þannig að þessi vinna verð markviss og hnitiðuð. Skili árangri.

Tafla 1: Fjöldi félagsmanna aðildarfélaga AN.

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrennis	2.234
BYGGIÐN – Félag byggingarmanna	383
ÞINGIÐN	123
Félag málmiðnaðarmanna Akureyri	398
Sjómannafélag Eyjafjarðar	127
Stéttarfelagið Samstaða	756
Aldan, stéttarfélag	1.533
Eining-Íðja	8.396
Framsýn, stéttarfélag	2.911
Verkalýðsfélag Þórshafnar	259
SAMTALS FÉLAGAR	17.387

Umræðuefni málstofanna

Hérna eru settir fram nokkrar tillögur að umræðuefni málstofanna. Bent er á að á slíkum fundum hefur gefist vel að fólk geti fært sig á milli málstofa og þannig verið sem virkast í opinni umræðu.

- Er núverandi fyrirkomulag á starfsemi Alþýðusambands Norðurlands skynsamlegt og til þess fallið að byggja á til framtíðar ?
- Skiptir AN máli ?
- Starfsemi stéttarfélaga er flóknari en áður. Hvernig eru félögin að bregðast við þessari þróun? Hvað er vel gert og hverjir eru veikleikarnir?
- Hvernig er líklegt að starfsemin/þjónustan þróist á næstu árum ?
- Er grásrotin nógur virk ?
- Ef félögin veita ekki þá þjónustu sem launþegar sækjast eftir, hvað gerist þá?
- Eru smærri félög í nánari tengslum við sína félagsmenn en þau stærri ?
- Atvinnulífið hefur tekið miklum breytingum og starfar í dag þvert á félagssvæði stéttarfélaga. Hver eru/verða áhrifin á starfsemi félaganna ?
- Sveitarfélögum fækkar með sameiningum. Félagssvæði skarast, hvaða áhrif hefur þessi þróun á stéttarfélögin ?
- Er tímabært að fara í alvöru viðræður um frekari sameiningar stéttarfélaga innan AN/jafnvel á landsvísu ?
- Er skynsamlegt að láta gera SVÓT greiningu á starfsemi stéttarfélaganna á félagssvæði AN og leggja fyrir félögin til frekari umræðu. (SVÓT= Styrkleikar, Veikleikar, Ógnanir, Tækifæri)

Og hvað svo ?

Þegar málstofurnar hafa lokið sínum verkefnum, kynnar hver og ein málstofa helstu niðurstöður og afhendir stjórn Alþýðusambands Norðurlands, sem ákveður væntanlega næstu skref.

Ef vel tekst til, getur þetta fyrirkomulag orðið grundvöllur þess að efla enn frekar samtakamáttinn til að ná markmiðum félaganna, þar sem hagur og velferð launafólks er í fyrrírumi.

Pörf fyrir Alþýðusamnbands Norðurlands um ókomin ár

Hákon Hákonarson fyrverandi formaður Alþýðusambands Norðurlands þekkir sögu sambandsins vel. Í ávarpi í september árið 1970 er fagnað var 70 ára afmæli sambandsins sagði Hákon meðal annars:

„Á vettvangi okkar launamanna verður ávallt þörf fyrir að hittast og taka til umræðu brýn verkefni sem verkalýðshreyfingin glímir við á hverjum tíma og líka að hafa gaman saman. Þess vegna verður þörf fyrir Alþýðusamband Norðurlands um ókomin ár.“